

Erindi til að tryggja stöðu fólks með kynhlutlausa skráningu við umfjöllun um íþróttafólk ársins.

Við umfjöllun og verðlaunaveitingu 2022 fékk afreksfólk íþróttanna í bænum. Hvort tveggja karl og kona. <https://www.kopavogur.is/is/frettir-tilkynningar/category/1/ithrottakona-og-ithrottakarl-arsins-2022-kosin-af-ibuum>



Íþróttakona og íþróttakarl ársins 2022 kosin af íbúum | Kópavogsbær

www.kopavogur.is

Kópavogsbúar 18 ára og eldri geta nú kosið um íþróttakonu og íþróttakarl ársins.

Ég óska eftir því að Jafnréttis og mannréttinda ráðist í að greina hvar í stjórnkerfi bæjarins sé verið að ávarpa sérstaklega kyn og þá sérstaklega karl og/eða konu og leiti leiða til að farið verði í hugarfarsbreytingu til að tryggja að hvorki við viðurkenningar eða aðra vinnu innan bæjarins sé íþróttafólki eða öðru fólki sem að bænum kemur mismunað á grundvelli kyns. Til dæmis ætti að tryggja að við ákvörðun á íþróttafólki ársins sé skýrt að kvár og stálp passi í ákveðinn hóp og að staða þeirra sé trygg.

Greinargerð:

Það er mikilvægt að við sem bæjarfélag stöndum við lagaskyldur um að mismuna ekki á grundvelli kyns. Það er jafnframt mikilvægt að tryggja að ásýnd bæjarins sé að við séum bæjarfélag sem stendur vörð um mannréttindi og sérstaklega jaðarsetta hópa eins og fólk með kynhlutlausa skráningu.

Hvað varðar íþróttafólk ársins er hreyfing öllum mikilvæg og í ljósi þess hversu kynskipt íþróttaiðkun er þá er afar mikilvægt að nýta hvert tækifæri til að hvetja kvár og stálp til þess að stunda hreyfingu.